

Vikufréttir

Vika 37 (09.09. – 13.09. 2019)

Mánudagur

Þriðjudagur

- ✓ Ofurbekkjaleikarnir hjá 8. – 10. bekk. Frá kl. 12:40 til 14:00
- ✓ Haustkynning fyrir foreldra nemenda í 7. bekk. Í bekkjarstofu kl. 17:00
- ✓ Ungt fólk 2019. Kynning í Hjálmakletti kl. 18:00

Miðvikudagur

- ✓ Haustkynning fyrir foreldra nemenda í 3. bekk. Í bekkjarstofu kl. 8:15 - 9:15

Fimmtudagur

- ✓ Jafningjafræðsla fyrir nemendur í 8. – 10. bekk frá Samtökunum 78.
- ✓ Starfsmannafundur kl. 14:40.
 - Gestir frá Samtökunum 78 verða með fyrirlestur fyrir starfsfólk
- ✓ Haustkynning fyrir foreldra nemenda í 5. bekk. . Í bekkjarstofu (st.12) kl. 8:00 -8:30.

Föstudagur

- ✓ Starfsdagur. Nemendur í fríi.

Annað: Ungt fólk 2019 Hjálmakletti þriðjudaginn 10. september kl. 18.00.

Hvetjum foreldra og aðra sem áhuga hafa á að mæta á fund fyrir foreldra í Menntaskóla Borgarfjarðar. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Rannsóknnum og greiningu og kennari á íþróttافرæðisviði HR mun kynna niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk 2019*.

Rannsóknarröðin Ungt fólk hefur meðal annars kannað þætti í lífi barna og unglinga á borð við andlega og líkamlega heilsu og líðan, fjölskylduáðstæður, frístundaiðkun, áfengis- og vímuefnaneyslu, árangur í námi, líkamsrækt og þátttöku í íþróttastarfi, trúarskoðanir, mataræði og sjálfsvíg. Niðurstöður rannsóknanna hafa verið nýttar með staðbundnum hætti, innan sveitarfélaga, hverfa og skóla til að auka skilning á hógum ungs fólks og bæta aðstæður þeirra, heilsu og líðan og hafa einnig nýst við stefnumótun í forvarnastarfi.

Spakmæli: „*Bjartsýnum manni skjátlást eins oft og bölsýnum en honum líður ólíkt betur.*“

Uppeldi til ábyrgðar

Grunnskólinn í Borgarnesi tileinkar sér vinnuaðferðir sem eru í anda Uppeldi til ábyrgðar. Meginatriði hugmyndafræðinnar er að kenna börnum sjálfsaga, sjálfsstjórn og ýta undir sjálfstraust. Áhersla er á samskipti sem ýta undir frelsi en gefa jafnframt skýr mörk. Fáar skýrar reglur sem allir geta sameinast um. Munum að við getum aðeins stjórnað okkur sjálfum og engum öðrum.



Um uppeldi til ábyrgðar

Uppbyggingarstefnan eða uppeldi til ábyrgðar er lífsgildismiðuð aðferð. Það merkir að unnið er með lífsgildi sem eiga sér stoð í ákveðnum þörfum sem við öll höfum. Til að vera lífsglöð og hamingjusöm þurfum við reglulega að uppfylla meðfæddar þarfir fyrir að tilheyra og fyrir áhrifavald, frelsi, gleði og öryggi. Hegðun okkar ræðst af því hvaða þörfum við viljum mæta. Stundum veljum við ranga leið og brjótum þá á þörfum annarra.

Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga (e. Restitution – Self Discipline) er, eins og nafnið bendir til, aðferð við að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga. Uppeldi til ábyrgðar hjálpar okkur að finna rétta leið.

Nemendur læra:

- Leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun.
- Að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðrétta þau og bæta fyrir þau.
- Að verða þeir sjálfir – þær manneskjur sem þeir vilja vera.
- Aðferðir við lausn ágreiningsmála.
- Að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum.
- Að bera ábyrgð á eigin námi.
- Að mynda tengsl við aðra.
- Að gera bekkjarsáttmála sem tryggir að ekki sé brotið á rétti einstaklinganna og að þeir fái að blómstra hver á sinn hátt.
- Að þekkja hlutverk sitt og skilja að aðrir hafa ákveðnum hlutverkum að gegna í starfinu í skólanum. Þeir læra mikilvægi þess að hver ræki sitt hlutverk eins vel og honum er unnt.
- Að setja sér markmið, gera uppbyggingaráætlanir og stunda sjálfsskoðun.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir